

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Æðarodda, Æðarodda 25.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 24. maí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Æðarodda á Akranesi.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 25 við Æðarodda er stækkaður um 9 metra í norður.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 3. júní 2005

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs,

Guðný J. Ólafsdóttir fulltrúi.